

**Sp.**

**101. Tillaga til þingsályktunar**

[92. mál]

um verðjöfnun á flugvélabensíni.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Halldór Ásgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á verðjöfnun á flugvélabensíni, þannig að söluverð verði hið sama á öllum útsölustöðum á landinu.

**Greinargerð.**

Í lögum um verðjöfnun á olíu og bensíni, nr. 34 frá 18. febr. 1953, segir svo í 1. gr.:

„Söluverð á gasolíu, brennsluolíu, ljósaolíu og bensíni skal vera hið sama á öllum útsölustöðum á landinu.“

Í lögum þessum er engin undantekning gerð. Ljóst er, að þeim er ætlað að ná til alls slíks eldsneytis, sem í lögnum er talið.

Í reglugerð um verðjöfnun á olíu og bensíni frá 29. desember 1956 segir hins vegar svo í 1. gr. meðal annars:

„Söluverð á bensíni, öðru en flugvélabensíni, skal vera hið sama frá öllum útsölustöðum, þ. e. birgðastöðvum og bensíndælum.“

Af einhverjum ástæðum er flugvélabensín undanskilið í reglugerð viðskiptaráðuneytisins, þótt ekki verði séð, að nokkur stafur sé fyrir því í þeim lögum, sem reglugerðin byggist á.

Samkvæmt upplýsingum frá olíufélaginu Skeljungu var útsöluverð s. l. haust á nokkrum stöðum á landinu fyrir hvern lítra af flugvélabensíni eins og hér segir:

Reykjavík .....	kr. 20.10
Akureyri .....	— 21.95
Egilsstaðir .....	— 25.05
Ísafjörður .....	— 25.65
Höfn í Hornafirði .....	— 25.90

Flugvélabensín er þannig yfirleitt um 25 af hundraði dýrara utan Reykjavíkur, nema á Akureyri.

Á undanförnum árum hefur smáum flugfélögum með aðsetur í hinum ýmsu landshlutum fjölgað. Þau hafa innt af hendi ómetanlega þjónustu fyrir samgöngur viðkomandi landshluta. Sjúkraflug hefur í mörgum tilfellum byggst á slíkum flugfélögum. Þau hafa annast mikið farþegaflug og póstsamgöngur í vaxandi mæli, og ýmsa aðra ómetanlega þjónustu slíkra flugfélaga mætti nefna.

Viðast hvar verða þessi flugfélög að greiða 25 af hundraði herra verð fyrir bensín það, sem þau nota, en flugfélögin, sem staðsett eru í Reykjavík. Þetta getur munað mjög miklu í rekstrarkostnaði þessara flugfélaga, jafnvel svo að rekstrargrundvöllur næst ekki.

Sala á flugvélabensíni utan Reykjavíkur er hins vegar sáralítið brot af því, sem selt er í Reykjavík. Verðjöfnunargjald yrði því mjög lágt.

Þótt ofangreind reglugerð fái naumast staðist með tilliti til gildandi laga, má ef til vill afsaka umrælt ákvæði hennar með því, að mjög fáar flugvélar voru staðsettar á landsbyggðinni árið 1956. Þetta er hins vegar gjörbreytt nú. Því verður að krefjast þess, að staðið sé við ákvæði laga og komið á verðjöfnun á flugvélabensíni.